

4. gr.

Nánari reglur um kosninguna setur kirkjustjórnin.

21
27. júní

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Jón Magnússon.

Lög

um

22
27. júní

breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun váttryggingar-
fjelags fyrir fiskiskip.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Váttryggingarfjelag það, sem stofnað var með lögum 30. júlí 1909 og nefnist Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og sem í lögum þessum er nefnt „Samábyrgðin“, tekst á hendur:

- a. Endurtrygging fyrir íslensk ábyrgðarfjelög skipa og báta, á helmingi eða alt að helmingi þess hluta af tryggingarhæfu verði skipa þeirra og báta, er fjelögin sjálf taka að sjer ábyrgð á.
- b. Beina váttrygging á skipum og bátum.
- c. Trygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði, ef um algerðan skiptapa er að ræða.

Fjelagið tekur aðallega ábyrgð á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskveiða eða flutninga við Ísland.

2. gr.

3. grein laganna orðist svo:

Ríkissjóður ábyrgist með alt að 800.000 kr., að fjelagið fullnægi skuldbindingum sínum. Ef það getur eigi af eigin ramleik borgað skaðabætur, sem því er skylt að greiða, leggur ríkissjóður til það, er á vantar, þó aldrei meira en áður nefnda upphæð.

Ef fjelagið hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er það hefir þegið af ríkissjóði, að viðbættum 4½% í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt, eftir því sem efni þess leyfa.

3. gr.

5. gr. laganna:

Í stað orðanna „5000 kr.“ komi: 10000 kr.

4. gr.

6. grein laganna falli burt.

5. gr.

7. grein laganna:

1. málsgrein og stafliður a. orðist þannig:

Um greiðslu og frádrátt skaðabóta skal nánara ákveðið í reglugerð Samábyrgðarinnar; meðan ábyrgð ríkissjóðs stendur, skulu þar jafnan fast ákveðin þau atriði, er nú skal greina:

a. Tjón, er orsakast af því, að verðmæti hefir verið lagt í sölurnar af vátryggjanda hálfu, til þess að komast hjá meira tjóni eða til að bjarga öðrum eignum, vátrygðum í Samábyrgðinni, greiðist að fullu.

6. gr.

9. grein laganna orðist svo:

Sjórjettarpróf skal halda um hverskonar tjón, sem bóta er krafist fyrir eftir lögum þessum, nema stjórn Samábyrgðarinnar telji það óþarft, enda sje henni gert viðvart um það með nægilegum fyrirvara.

7. gr.

Inn í 12. grein laganna bætist orðið „gerðardómi“, á undan orðunum „ef þess er heldur óskað“.

8. gr.

Í fyrstu málsgr. 13. greinar laganna falla burt orðin „til 5 ára í senn“. Sömuleiðis falla burt í niðurlagi greinarinnar þessi orð: „Til kostnaðar við stofnun fjelagsins og stjórn leggur landssjóður því til 5000 kr. á ári í fyrstu 5 árin“.

9. gr.

14. grein laganna falli burt.

10. gr.

16. grein laganna :

Í stað orðanna „1000 kr.“ komi: 2000 kr.; og í stað orðanna „yfir dómi landsins“ komi: hæstarjetti ríkisins.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 54, 30. júlí 1909, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um vátryggingarfjelag fyrir fiskiskip.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Pjetur Jónsson.

Lög

um

vátryggingarfjelag fyrir fiskiskip.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að vjer samkvæmt 11. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarsjóðs fyrir fiskiskip, höfum látið færa breytingar þær og viðauka, sem um ræðir í fyrnefndum lögum, inn í meginmál tjeðra laga nr. 54, 30. júlí 1909, og gefum þau hjer með út sem lög um vátryggingarfjelag fyrir fiskiskip.

1. gr.

Skip er í lögum þessum haft um öll skip og báta, stór og smá.